

Haustþing Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldið á Vopnafirði 18. september 2025

Fimmtudagur 18. september

Kl. 10:30 – 11:00: Mæting og afhending fundargagna og morgunkaffi.

Kl. 11:00 - 11:20: Dagskrá hefst: Setning haustþings, skipun fundarstjóra og ritara

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA, setti haustþingið og tilkynnti að í salnum væru 4 fulltrúar Fljótisdals sem færu um 90 atkvæði, 11 fulltrúar Múlaþing sem færu með 5232 atkvæði, 7 fulltrúar Vopnafjarðarhrepps með 648 atkvæði og 9 fulltrúar Fjarðabyggðar sem færu með 5247 atkvæði. Hún gerði tillögu um þingforseta og þingritara, lagði til að Íris Edda Jónsdóttir og Urður Gunnarsdóttir yrðu fundarritarar og enginn andmælti því. Að því loknu afhenti hún þingforseta, Valdimari O. Hermannssyni, stjórn fundarins sem bauð gesti velkomna á Vopnafjörð.

Fundurinn var boðaður til sveitarfélaganna fjórum vikum fyrir fund, dagskrá var send út 10 dögum fyrir fund og fundurinn telst því löglega boðaður. Enginn andmælti því og fundurinn því lýstur lögmætur.

Þingforseti kynnti fyrirkomulag dagskrár og sagði jafnframt frá breytingum á auglýstri dagskrá. Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, og fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis, þurfti að afboða komu sína. Í hans stað ávörpuðu Jens Garðar Helgason 3. þingmaður kjördæmisins og Jón Björn Hákonarson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, fundinn.

Því næst kynnti hann Berglindi Hörpu Svavarsdóttur, formann SSA, í pontu.

Í ræðu sinni lagði hún áherslu á mikilvægi þátttöku þingmanna kjördæmisins til að eiga við þá samtal um þau mál sem á þingfulltrúum brenna og harmaði að samgönguráðherra og menningar, háskóla- og nýsköpunarráðherra hefðu ekki komist. Haustþingið væri mikilvægur vettvangur fyrir Austurland þar sem sveitarstjórnarfolk kynnist betur, þétti raðirnar og sendi sameiginleg, skýr og sterk skilaboð til ríkisvaldsins.

Svo sagði hún: “Í gegnum árin hafa ályktanir SSA verið fjölmargar, tugir talsins, en við höfum tekið þá stefnu að sameinast um að koma með færri ályktanir og þannig skýrari skilaboð frá Austurlandi.

Stjórn SSA hefur einnig verið afar samstíga í áherslu á mótun faglegra, öflugra gagna sem sýna glögglega hversu mikilvægt Austurland er fyrir alla landsmenn. Þar vil ég nefna greiningu Analytica á efnahagsumsvifum Austurlands sem gefin var út árið 2023 þegar von var á ríkisstjórn Íslands á okkar fund.

Í þeirri greiningu kom skýrt fram að Austurland stendur undir um fjórðungi vöruútflutningstekna hér á landi, um 230 milljörðum króna, af hendi 2,9% íbúa landsins. Samt situr Austurland eftir án sanngjarns fjármagns í samgönguinnviði sem er grunnurinn að áframhaldandi verðmætasköpun svæðisins.

Fjármunir sem settir eru í uppbyggingu samgönguinnviða í dag eru einungis um 0,5% af vergri landsframleiðslu hér á landi en mikilvægt er að hafa til hliðsjónar að framlagið var um 1,5%-1,8% um 1980. Þá vissu ráðamenn hversu mikilvægt það var að setja myndarlega fjármuni í uppbyggingu samgönguinnviða til að ýta undir verðmætasköpun um allt land með öflugu atvinnulífi sem er grunnur hvers samfélags. En nú er sagan önnur og samgöngumál eru okkur því ofarlega í huga í dag. Einnig höfum við bent á að af 3 milljarða aukafjárveitingu sem Alþingi veitti í sumar til viðgerða vegakerfisins, sem var mjög mikilvægt skref, en af þeim fjármunum komu einungis um 90 milljónir inn á umdæmissvæði SSA.

Staðan er orðin svo slæm að þungaflutningar eiga erfitt um vik. Ekki er hægt að flytja þungavinnutæki landleiðina austur, sem er grafalvarleg staða sem þarf að bregðast skjótt við með framkvæmdum. Fjarskiptamál eru einnig mikilvægt viðfangsefni sem þarf að leysa hið fyrsta til að tryggja öryggi vegfarenda allan ársins hring.

Áform um nýja atvinnustefnu hefur verið kynnt af núverandi ríkisstjórn þar sem áhersla er lögð á að byggja undir alhliða verðmætasköpun atvinnulífsins og auka þannig við jákvæðan hagvöxt hér á landi. Sú gríðarlega verðmætasköpun sem fer fram á Austurlandi, um fjórðungur vöruútflutningstekna er því miður í mikilli hættu vegna innviðaskuldar.

Ljóst er því að afar brýnt er að fjárfesta myndarlega í Austurlandi til að tryggja núverandi verðmætasköpun svæðisins og auka með þeim hætti tækifæri til enn frekari vöruútflutningsverðmæta fyrir land og þjóð.

Í kynningu ríkisstjórnarinnar á sama fundi kom einnig fram að þjóðaröryggi sé nátengt orkuöryggi landsins. Þar viljum við ítreka mikilvægi Austurlands sem stendur undir um 30% raforkuframleiðslu landsins. Sú orkuframleiðsla er jafnframt mikilvæg grunnstoð

álframleiðslu í vöruútflutningstekjum Austurlands og við viljum benda á mikil tækifæri á svæðinu til enn frekari orkuframleiðslu.

Sveitarfélögin á Austurlandi hafa sýnt mikinn samhljóm í vilja sínum til að nýta tækifæri til aukinnar orkuframleiðslu – bæði til að knýja áfram núverandi og enn frekari verðmætasköpun svæðisins og ekki síður til að stuðla að orkuöryggi landsmanna. Í því samhengi er mikilvægt að afgreiða frumvarp á Alþingi er varðar fasteignagjöld af orkumannvirkjum, þannig að fasteignaskattur sé greiddur af landi sem fer undir virkjanir.

Við leggjum einnig mikla áherslu á, að fjármagn sem rennur í fiskeldissjóð skili sér beint til þeirra svæða þar sem starfsemin fer fram, og nýtist fjármagnið þannig til uppbyggingu innviða og þjónustu í þeim samfélögum.

Einnig má nefna nýsamþykkt veiðigjaldafrumvarp þar sem gríðarlegt fjármagn fer frá Austurlandi og beint í ríkiskassann. Loforð hafa verið gefin um að allt það fjármagn muni skila sér beint í heimabyggð til uppbyggingar samgönguinnviða. Það er afar mikilvægt. Fjármagnið verður að renna beint þangað sem verðmætasköpunin fer fram.

Varðandi forgangsöröðun samgönguinnviða þá kemur það skýrt fram í Svæðisskipulagi Austurlands 2022–2044, og er ítrekað í drögum að haustþingsályktun, að tafarlaust eigi að ráðast í hringtengingu Austurlands með jarðgöngum og í löngu tímabærar endurbætur á Suðurfjarðavegi og Öxi. Austurland er næst í röðinni varðandi jarðgangauppbyggingu og Fjarðarheiðargöng eru tilbúin til útboðs. Það er skýrt hvert við stefnum í uppbyggingu samgönguinnviða og mikilvægt að ekki sé gengið framhjá Austurlandi í þeirri uppbyggingu.

Hér verð ég einnig að nefna þá mikilvægu staðreynd að Austurland er laust við jarðhræringar. Það er mikilvægt í tengslum við tækifæri til enn frekari orkuframleiðslu og tengist einnig mikilvægu flugöryggi hér á landi.

Flugstefna Íslands, sem samþykkt var á Alþingi árið 2020, er skýr varðandi forgangsöröðun uppbyggingu varaflugvalla. Þar er Egilsstaðaflugvöllur skilgreindur í forgangi í þeirri uppbyggingu. Ég vil minna á að vinna við nýja flugstefnu hófst eftir hættulegt atvik sem varð árið 2018 þegar nokkrar þotur komu inn til landingar á Egilsstaðaflugvelli frá Keflavíkflugvelli vegna mikillar snjókomu. Síðasta þotan sem kom til landingar var nánast orðin eldsneytislauð þegar hún gat loks lent. Þetta var stóralvarlegt atvik, og slík atvik mega ekki gleymast og eru grunnur að vinnu við flugstefnu Íslands og forgangsöröðunar í uppbyggingu alþjóðlegra varaflugvalla hér á landi.

En fleiri mál brenna á Austfirðingum.

Mikil áföll hafa dunið á Austurlandi síðustu ár. Íbúar eru harmi slegnir eftir síendurtekin alvarleg áföll. En fólkið okkar stendur þétt saman og syrgir þá atburði sem hafa orðið í okkar

litla samfélagi. Haustþingið í fyrra ályktaði sterkt um að stórefla þyrfti aðgengi íbúa Austurlands að geðheilbrigðisþjónustu, og við ítrekum það enn hér í dag. Mikið hefur áunnist varðandi aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu á þeim tíma, en enn þarf að bæta í kraftinn til að tryggja íbúum Austurlands greiðan aðgang að öflugri geðheilbrigðisþjónustu til jafns á við aðra landsmenn.

Aðgengi að alhliða þjónustu er einnig gríðarlega mikilvægt fyrir austurhorn landsins. Íbúar þurfa því miður að sækja nánast alla sérhæfða þjónustu af svæðinu með afar dýru innanlandsflugi. Önnur ályktun sem við ítrekum því einnig hér í dag varðar landsbyggðarskattinn sem lagður var á íbúa Austurlands með gjaldskyldu á Egilsstaðaflugvelli. Þar eru íbúum gefnar 14 klukkustundir í hverri ferð til að sækja sér sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu, íþróttir og aðra þjónustu utan landshlutans. Við leggjum mikla áherslu á að losa verður íbúa Austurlands undan þessum landsbyggðarskatti, og byrja mætti strax á að lengja tímarammann um nokkra sólahringa.

Jöfnun raforkukostnaðar er mikilvægt skref til að tryggja jafnt orkuverð um allt land sem um leið mun stuðla að jákvæðri byggðaðróun. Íbúar Austurlands standa undir um 30% raforkuframleiðslu landsins en stór hluti þeirra íbúa greiðir mun hærra gjald fyrir orkuna en íbúar sem búa fjarri Austurlandi en njóta þeirrar orku. Hvaða sanngirni er í því að hafa orkuframleiðslu í bakgarðinum en greiða samt hærra verð en þeir sem búa fjarri Austurlandi? Þetta verður að laga.

Covid-tímabilið var erfitt en kenndi okkur margt. Það ýtti okkur í að nýta enn frekar tæknina og á einni nóttu tóku allir skrefið. Sá grunnur er mikilvægur og hagkvæmur til að jafna aðgang að atvinnu, þjónustu og menntun óháð búsetu. Haustþingið leggur áherslu á að háskólar bjóði upp á fjölbreytt og aðgengilegt netnám sem jafni þannig aðgengi íbúa að menntun. Það er afar mikilvægt að allir landsmenn hafi góðan aðgang að atvinnu, þjónustu og menntun með tækninni óháð búsetu.

Austurland stendur saman og mun hér í dag á haustþingi SSA senda skýr skilaboð í ályktunum sínum. Við höfum tekið saman það helsta sem brennur á okkur, íbúum Austurlands.

Efnahagsumsvif Austurlands sýna að það margborgar sig fyrir ríkissjóð að fjárfesta í innviðum á Austurlandi. Mikil tækifæri eru á Austurlandi – það eru styrkleikar sem felast í því að vera svæði án jarðhræringa, með gríðarleg tækifæri til enn frekari orkuframleiðslu, aukin tækifæri til beins vöruútflutnings með uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar sem léttir samhliða á vegakerfinu ásamt því að sú uppbygging tryggir mikilvægt flugöryggi hér á landi.

Kæru fundarmenn.

Ályktunardrögin sem afgreidd voru af stjórn SSA liggja fyrir þinginu hér í dag og munu eflaust taka einhverjum smá breytingum. Stjórnin er sjálf með tillögu að tveimur breytingum sem lagðar verða fram. En stjórnin hefur verið samstíga með ályktunardrögin og með þeim myndum við skýr skilaboð frá þinginu hér í dag sem verða send þeirra ráðamanna sem sitja fyrir okkar hönd á Alþingi Íslendinga.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi var stofnað árið 1966 og verður því sextugt á næsta ári. Það er sögulegur viðburður og sýnir mikilvægi þess að styrkja áfram landshlutasamtökin og sérstaklega í ljósi jöfnunarákvæðis sem týnir þingmenn af okkar kjördæmi vegna fámenni okkar. Það að hafa sterk landshlutasamtök myndar því ákveðið mótvægi við fækkun þingmanna í Norðausturkjördæmi og sýnir okkur hversu öflug landshlutasamtökin geta verið í baráttu fyrir okkar íbúa.

Ég er afar stolt af góðri samvinnu stjórnar sem hefur unnið vel saman, er samstíga og hefur mótað öflug gögn. Efnahagsgreining Austurlands er verk þessarar stjórnar og hefur fengið verðskuldaða athygli.

En mig langar hér í lok ræðu minnar að minnast á að sveitarstjórnarkosningar eru framundan. Í kjölfar kosninganna eftir Aðalfundinn í maí verður á aukaaðalfundi kosin ný stjórn SSA og Austurbrúar. Þetta er því mitt síðasta haustþing sem formaður og vil ég þakka innilega fyrir tækifærið, samstillta stjórn og það traust sem mér var sýnt til að sinna formennsku þetta tímabil.

Mig langar einnig að hvetja sem flesta hér inni til að bjóða sig aftur fram í sveitarstjórnarkosningunum sem eru framundan. Við þurfum kraftmikið fólk með reynslu í bland við nýtt fólk – í sveitarstjórnarstörf, ekki síður en framboðs til Alþingis fyrir okkar kjördæmi. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum var um 70-100% endurnýjun sveitarstjórnarfulltrúa hér á landi og hefur Samband Íslenskra sveitarfélaga haft miklar áhyggjur af þeirri stöðu.

Lokaorð mín hér í dag eru því að minna enn og aftur á mikilvægi samstöðu okkar hér inni og íbúa Austurlands í heild sinni. Sú samstaða myndar gríðarlegan kraft og mun koma Austurlandi á öflugan stað með öll þau gríðarlegu tækifæri sem eru til staðar sem ég hef farið yfir í ræðu minni.

Þangað til við verðum eitt sveitarfélag á Austurlandi er mikilvægt að við störfum sem eitt og með öflug landshlutasamtök.“

Kl. 11:20: Þingforseti bauð Jens Garðari Helgasyni, 3. þingmanni kjördæmisins að ávarpa fundinn. Hann bar kveðju allra þingmanna kjördæmisins til viðstaddra.

Jens Garðar sagði mörg mál á Alþingi snúa að Austurlandi. Efnahagsumsvif landshlutans séu óumdeild þrátt fyrir að vera aðeins 2,9% þjóðarinnar. Mörg umdeild mál er varða fjórðunginn, m.a. veiðigjöld og minnti hann á loforð stjórnvalda þess efnis að þau gjöld myndu renna til samgöngubóta.

Fleiri mál lögju fyrir þinginu sem máli skiptu t.d. kílómetragjaldið sem og skattlagning á skemmtiferðaskip. Mál sem skiptu miklu máli fyrir minni samfélög og gætu haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja á svæðinu. Hann galt varhug við hugmyndum um jöfnun atkvæða. Framundan væri fækkun á þingmönnum kjördæmisins næsta kjörtímabili, úr 10 í 9 en mikilvægt væri að kjördæmið hefði styrk inn á þingi til að berjast fyrir brýnum málefnum. Það væri ekki bara höfðatalan sem teldi heldur líka efnahagslegt mikilvægi.

Jens Garðar nefndi samgönguáætlun og þá staðreynd að af 15 brúm með þungatakmarkanir væru 12 í NA-kjördæmi. Þá vísaði hann til þingsályktunartillögu sem hann hefði lagt fram um samgöngufélagið Þjóðbraut sem gæti byggt upp samgönguinnviði með fyrirmyndir í Spöl, sem var stofnaður um rekstur Hvalfjarðaganga, og Tunnil í Færeyjum.

Jens Garðar vísaði til tillögu á þingi um að hefja olíuleit að nýju og sagði hana geta verið hluta af grænu framlagi Íslands í orkuframléiðslu, þar sem olía myndi brúa bil á milli grænna orkugjafa og mengandi kolabrennslu. Þá ræddi hann um flutningskostnað orku og nauðsyn þess að jafna hann yfir landið. Sagðist hann trúa því að þingmenn kjördæmisins standi saman að sameiginlegum hagsmunamálum kjördæmisins.

KL. 11:40: Þingforseti bauð Jóni Birni Hákonarsyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, að ávarpa samkomuna. Í erindi sínu sagði hann sveitarfélög standa frammi fyrir miklum áskorunum en að jafnframt gætti aukins skilnings hjá ríkinu gagnvart sveitarfélögum.

Sambandið er 80 ára í ár en nú eru 62 sveitarfélög á landinu og sameiningarkosningar framundan í nokkrum þeirra. Jón sagði Sambandið vera öflugan vettvang til að vinna að sameiginlegum verkefnum og nefndi hann sem dæmi nýlega fundi um íþróttar-, æskulýðsstarf og lýðræðismál, þar sem rædd var staða kjörinna fulltrúa. Sagði hann það eitt af forgangsmálum í vetur og minnti í því sambandi á að þrátt fyrir að umræðan gæti oft verið óvægin, væri mikilvægt að vera óhrædd við að taka samtalið.

Af stórum málum sem framundan eru nefndi hann fjármagnskostnað sveitarfélaga. Jón Björn sagði það áhyggjuefni hversu höllum fæti sveitarfélög stæðu er varðar innviði sem

þurfi að byggja upp og uppsafnaða innviðaskuld. Raunhæfari ramma þurfi fyrir uppgjör sveitarfélaga.

Eitt af forgangsmálum Sambandsins hefur verið að fá virðisaukaskatt af lögbundnum framkvæmdum endurgreiddan, sagði hann sveitarfélögin verða að beita sér fyrir því að svona bein skattheimta verði aflögð.

Hann nefndi aðrar áskoranir, svo sem húsnæðismál-, leikskólamál ofl. en einnig að auka þurfi samstarf hins opinbera í stafrænum málum. Ný úttekt sýni að um 45 milljarðar fari frá ríki og sveitarfélögum í málefnið árlega en hægt eigi að vera að spara 20 milljarða með öflugum samstarfi. Þá nefndi hann einnig umræðu um að möguleg hátæknibrennsla fyrir sorp gæti orðið mikið umbótamál í umhverfismálum en ef af henni verði, þurfi að tryggja að hún sé fyrir landið allt.

Jón Björn sagði vilja hjá stjórnvöldum um að eiga gott samstarf við sveitarfélög. Hann sagði mikilvægt að sveitarfélög hefðu skýra framtíðarsýn, þannig mætti breyta áskorunum í tækifæri, og hægt væri að vinna með skýrum og málefnalegum hætti. Mikilvægt væri að forðast afnæmi kjörinna fulltrúa; allir þyrftu að vanda sig í umræðunni, og fara í málefnið en ekki manninn.

Jón Björn bar góðar kveðjur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem stefnir að því að ná að heimsækja öll sveitarfélög fyrir næsta vor.

KL. 11:50: Drög að ályktunum Haustþings 2025 voru því næst kynnt af formanni SSA. Hún vísaði einnig til þess að fram myndi koma breytingartillaga frá stjórn og væntanlega fleiri tillögur sem teknar yrðu fyrir í umræðunni. Drögin sem lögð voru fram til grundvallar voru:

- *Haustþing SSA leggur ríka áherslu á að tryggt verði að íbúar Austurlands hafi greiðan aðgang að öflugri geðheilbrigðisþjónustu til jafns við aðra landsmenn.*
- *Haustþing SSA krefst þess að ráðist verði tafarlaust í hringtengingu Austurlands með jarðgöngum og í löngu tímabærar úrbætur á Suðurfjarðavegi og Öxi í samræmi við fyrri ályktanir SSA og áherslur Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044.*
- *Haustþing SSA ítrekar að Austurland hafnar enn þeim landsbyggðarskatti sem lagður var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli. Sú gjaldtaka hamlar för Austfirðinga sem neyðast til að sækja sér sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og aðra þjónustu á vegum ríkisins utan landshlutans.*
- *Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að ráðist verði af fullum krafti í uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar sem varaflugvallar, í samræmi við flugstefnu Íslands frá 2019, til að tryggja flugöryggi landsins.*

- *Haustþing SSA krefst þess að stjórnvöld tryggi jöfnun á raforkukostnaði um land allt þannig að íbúar Austurlands, sem framleiða tæpan þriðjung raforku þjóðarinnar, greiði ekki hærra verð fyrir grunnþjónustu en aðrir landsmenn.*
- *Haustþing SSA leggur áherslu á að tekjur af orkuvinnslu og annarri verðmætasköpun á Austurlandi renni milliliðalaust til sveitarfélaganna þar sem hún verður til, í samræmi við gefin loforð um að auðlindagjöld og aðrar tekjur nýtist í heimabyggð til uppbyggingar innviða og þjónustu.*
- *Haustþing SSA krefst þess að allir háskólar bjóði upp á fjölbreytt og aðgengilegt fjar- og netnám sem jafni tækifæri íbúa til náms óháð búsetu. Það er óásættanlegt að Austfirðingar hafi lakari aðgengi að menntun en þeir sem búa nærri háskólum landsins.*
- *Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að fjarskiptum verði komið í lag hið fyrsta til að tryggja öryggi vegfarenda á fjölförnum leiðum á Austurlandi*

Fundarmenn voru minntir á að ályktunin kæmi til umræðu á fundinum að loknu hádegishléi, þar sem hún yrði formlega afgreidd.

Þingforseti þakkaði Berglindi fyrir yfirferðina og tilkynnti hádegishlé.

Kl. 12:05: Hádegisverður.

Kl. 13:00: Þingforseti tilkynnti að nú hæfust umræður og kosning um tillögu að ályktunum sem liggur fyrir haustþinginu. Þingforseti opnaði fyrir mælendaskrá og bað þá sem vildu taka til máls að koma í pontu.

Farið var yfir hverja ályktun fyrir sig, en þær voru átta talsins.

Ályktun 1.

Til máls tók Hafdís Bára Óskarsdóttir og vísaði til alvarlegrar árásar sem hún varð fyrir fyrr á árinu, og sagði löggæsluna hafa brugðist í því máli. Lagði hún til viðbót við fyrsta lið:

Haustþing SSA leggur ríka áherslu á að tryggt verði að íbúar Austurlands hafi greiðan aðgang að öflugri geðheilbrigðisþjónustu til jafns við aðra landsmenn **og enn fremur að öryggi verði tryggt með bættri löggæslu í kjördæminu.**

Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ályktun 2.

Stjórn lagði fram svohljóðandi breytingartillögu:

“Haustþing SSA krefst þess að ráðist verði tafarlaust í hringtengingu Austurlands með jarðgöngum og í löngu tímabærar úrbætur á Suðurfjarðavegi og Öxi í samræmi við áherslur Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044.

Haustþing SSA ítrekar jafnframt gagnvart núverandi stjórnvöldum að Austurland sé næst í röðinni hvað varðar jarðgangauppbyggingu. Það er ólíðandi að stjórnvöld reyni að komast undan þeirri ábyrgð með því að draga fram gömul þrætuepli í tilraunum sínum til að fjármagna uppbyggingu annars staðar á landinu.”

Jóhann Hjalti Þorsteinsson lagði fram breytingartillögu sem sneri að því að bæta við **“framkvæmdir við”** hringtengingu Austurlands.

Hjördís Helga Seljan Þoroddsdóttir gerði athugasemd við orðalag ályktunarinnar sem væri of harðort er sneri að stjórnvöldum.

Þröstur Jónsson lagði til að orðalag yrði mildað og notað “ef”, þar sem ekki lægi fyrir að stjórnvöld stæðu ekki við gefin loforð.

Heimir Snær Gylfason mæltist til þess að hægt yrði á yfirferðinni og gætt yrði að stafsetningar- og innsláttarvillum.

Hjördís sté aftur í pontu og lagði fram breytingartillögu um taka út síðustu setninguna.

Jónína Brynjólfssdóttir sagði dapurlegt að vera með tillögu sem beini sjónum að ósætti Austfirðinga til að reyna koma fjármagni inn í önnur kjördæmi. Hún stæði ekki á móti því að síðasta setningin yrði tekin út, en minnti á að það sé ástæða fyrir harðorðu orðalagi með vísan til nýlegs fundar með innviðaráðherra.

Þröstur sagði að það mætti milda orðalag og segja “ótækt” í stað fyrir “ólíðandi”.

Jóhann lagði til að taka út tilvísun til “núverandi” stjórnvalda. “Haustþing SSA ítrekar jafnframt gagnvart ~~núverandi~~ stjórnvöldum að Austurland sé næst í röðinni hvað varðar jarðgangauppbyggingu.” Vísa ætti til þess að Austurland hafi ítrekað setið eftir þegar öðrum framkvæmdum hafi verið potað inn á samgönguáætlun

Hjördís gerði aðra breytingartillögu um að breyta síðustu setningunni svo hún yrði: **Það er ótækt ef stjórnvöld horfi ekki til fyrri samþykktar SSA við ákvörðun á komandi samgönguáætlun.**

Berglind Harpa minnti fundarmenn á að samgöngumálin væru það sem helst brenni á íbúum og tímabært að sýna tennurnar. Austfirðingar hafi sýnt kurteisi en þeir þurfi að standa saman í kröfum um samgöngubætur.

Jón Björn tók til máls og sagði ekkert að því að sveitarfélög taki sterkt til orða en tímaröðin skipti máli. Ekki væri komin fram samgönguáætlun og því ekki vitað hvað stendur í henni. Ef

umræðan væri mjög hvöss í byrjun væri hætta á að missa marks. Hann sagði skynsamlegt að ítreka og veita umsagnir við samgönguáætlun þegar hún lægi fyrir og þá er hægt að fara kveða fastar að orði ef ástæða sé til. Hann skildi hins vegar vel að fólk vilji kveða fastar að orði.

Jens Garðar vísaði til fundar innviðaráðherra á Egilsstöðum og sagðist skilja vel hörð viðbrögð. Stjórnmalámennt væru ekki viðkvæmir fyrir harðri gagnrýni og Austfirðingar ættu ekki að vera litlir í sér, heldur leyfa stjórnvöldum að finna fyrir rödd svæðisins.

Berglind tók undir orð Jens Garðars og sagði þörf á að bóka sterkt þegar ályktað væri fyrir landshluta. Hún lagði áherslu á góð samskipti en ferlið sem umsögnum væri beint í, skilaði sjaldan breytingum. Af orðum ráðherra að dæma sé líklegt að farin verði allt önnur leið en hafi verið lofað og umsagnir væru því miður yfirleitt ekki að skila miklu.

Jónína sagði umræðuna góða en lagði til að tillaga stjórnar yrði samþykkt óbreytt. Það væri mikið í húfi og verði ekki horft til Austurlands í næstu jarðgöngum, þurfum við að hugsa okkar gang.

Sigurjón Þórðarson sagði ljóst að hvort sem tillagan yrði hvöss eður ei, þyrfti að finna skýr rök fyrir kröfum sem settar væru. Ráðherra væri ekki bundinn af loforðum sem fyrri ríkisstjórn hefði ekki staðið við, nú væri verið að byrja upp á nýtt.

Jónína sagði mikilvægt að tala skýrt og minnti á að samgönguáætlun hefði verið samþykkt samhljóða á síðasta þingi, þ.m.t af flokki Sigurjóns. Það væri ótækt að vísa til þess að ekki skipti máli hver tónninn væri því ekki stæði til hjá ráðherra að fara eftir því sem var lofað.

Sigurjón lagði áherslu á að orð hans væru ekki misskilin. Mikilvægt sé að ráðast í samgöngubætur en mestu skipti að vera með skýr rök. Auðvitað eigi Austfirðingar að berjast fyrir sínum samgöngubótum og að hann standi með þeim í öllum góðum tillögum.

Þröstur mótmælti Sigurjóni og sagði engar framkvæmdir hafa verið rökstuddar eins vel og Fjarðaheiðargöng. Sagðist hann ekki skilja hringlið, það ætti að keyra þessa línu og byggja upp í sveitarfélaginu með göng að leiðarljósi.

Eypór Stefánsson sagði þörf á því að setja meira í samgöngumál svo sveitarstjórnir þyrftu ekki að berjast um lítinn bita. Óþægilegt væri að heyra að menn telji sig ekki bundna af loforðum ríkisstjórnar. Samgönguáætlun hafi verið samþykkt samhljóða á Alþingi. Austurland væri eins sammála um samgöngumál eins og það gæti verið og því blóðugt ef ekki væri hlustað á þau rök sem fyrir lægju, heldur sífellt kallað eftir nýjum rökum. Til hvers væru þá landshlutasamtök ef ekki væri hlustað á orð af því sem þau segðu.

Berglind Harpa sagði ábyrgð liggja í fyrri loforðum sem allir flokkar hefðu samþykkt. Ekkert gerist ef allir hugsi með þeim hætti að vera óbundnir af þeim. Fjarðaheiðargöng séu tilbúin til útboðs og hundruðum milljóna nú þegar varið í undirbúning þeirra. Skýr rök liggi fyrir og búið að koma þeim á framfæri á fundi með innviðaráðherra. Kallaði eftir meira beinu samtal við ráðherra og þingmenn og að bókunin yrði sterk.

Þuríður Lillý Sigurðardóttir taldi að fundurinn væri sammála nema tilvísun í “þrætuepli”. Tillaga Hjördísar tæki á því.

Sigurjón ítrekaði að orðalag skipti ekki öllu máli. Stefna Flokks fólksins sé að setja samgöngumálin á oddinn og miðað við auð sem verið er að skapa, ættu Austurfirðingar skilið góðar samgöngur. Hann myndi fylgja ályktunum SSA eftir sem þingmaður kjördæmisins.

Ragnar Sigurðsson gerði grein fyrir atkvæði sínu og sagðist ætla að styðja breytingatillögu stjórnar. Mikilvægt væri að senda skýr skilaboð en margar breytingartillögur væru óljósar og gerðu lítið til að skýra málið.

Helgi Hlynur gagnrýndi fyrirkomulag fundarins þar sem þingmenn hefðu fengið að ræða óáreittir um ýmis mál sem honum hugnaðist ekki, svo sem græna olíuleit. Hann sagðist styðja tillögu stjórnar, þar sem orð innviðaráðherra hefðu verið óþolandi.

Tillaga stjórnar var samþykkt með meginþorra atkvæða

Ályktun 3 var borin upp.

Ragnar var með breytingartillögu við tillögu stjórnar. Lagði hann til að punkturinn um flugvöllinn yrði færður fyrir ofan ályktun um fargjöld og svo í beinu framhaldi yrði rætt um bílastæðagjöld.

Elís Pétur tók undir með Ragnari, flug ætti að heyra undir almenningssamgöngur enda engin samkeppni á þessari leið.

Berglind Harpa kvaddi sér hljóðs og tók undir tillöguna, hún væri mikilvæg viðbót við tillögu stjórnar sem væri lögð fram sem grunnur.

Þróstur studdi tillögu Ragnars en þykir tilvísun í öruggar samgöngur ofaukið.

Ragnar samþykkti að “öruggar flugsamgöngur” væri ofaukið og var það felld út.

Breytingartillaga Ragnars með breytingu Þrastar var borin upp fyrir fundinn:

Haustríngur SSA lýsir yfir áhyggjum af síhækkandi fargjöldum í innanlandsflugi. Egilsstaðaflugvöllur er fjærst höfuðborgarsvæðinu og er flugið því lífsnauðsynleg tenging íbúa við sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menningu, íþróttir og aðra þjónustu á vegum

ríkisins. SSA skorar á stjórnvöld að tryggja viðráðanleg fargjöld fyrir íbúa Austurlands. Haustþing SSA hafnar jafnframt þeim landsbyggðarskatti sem lagður var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli sem hamlar enn frekar för íbúa að þeirri þjónustu sem þarf að sækja á suðvesturhornið.

Samþykkt með meginþorra atkvæða.

Ályktun 4.

Ragnar lagði til að greinin yrði færð upp um einn sbr. að ofan.

Samþykkt samhljóða

Ályktun 5.

Ekki bærust breytingatillögur.

Var tillagan samþykkt samhljóða.

Ályktun 6.

Borin var upp svohljóðandi breytingartillaga stjórnar:

Haustþing SSA leggur áherslu á að fasteignagjöld af orkuframleiðslu ásamt skatttekjum af fiskeldi renni milliliðalaust beint til sveitarfélaganna þar sem tekjurnar verða til og nýtist þannig í heimabyggð til uppbyggingar innviða og þjónustu.

Elís Pétur Elísson lagði til viðbót eða nýja grein til að skerpa á afleiðingum hækkunar veiðigjalda. „Haustþing SSA leggur áherslu á að aukin skattheimta í formi hækkunar veiðigjalda skili sér að fullu til viðbótar við það fjármagn sem ætlað er til uppbyggingu innviða í fjórðungnum. Sem dæmi má gera ráð fyrir að hækkun veiðigjalda árið 2026 verði um 3 milljarðar eða um 2.4 milljóna aukning á veiðigjöldum fyrir hvern íbúa í fjórðungnum.“

Jónína tók undir þetta en lagði til sértillögu, ekki væri rétt að blanda saman tekjum sveitarfélaga og tekjuöflun ríkisins, og að ekki væri þörf á seinni setningunni sem gæfi eingöngu dæmi.

Berglind Harpa tók undir, barist hefði verið fyrir að fá tekjur af fiskeldi aftur heim í hérað. Mikilvægt væri að tillögur væru hnitmiðaðar.

Helgi Hlynur gerði grein fyrir atkvæði sínu og sagðist ætla greiða atkvæði gegn tillögu stjórnar, hann teldi að gjöldin ættu að fara í gegnum Jöfnunarsjóð.

Þröstur tók til máls og lagði til að segja „orkumannvirkjum“ en ekki orkuframleiðslu og var tekið undir það.

Eypór sagðist ekki endilega taka afstöðu til hvort Jöfnunarsjóður ætti í framhaldi að jafna hlut sveitarfélaga heldur hvort sveitarfélögin sjálf innheimti.

Tillagan var lögð fyrir með breytingu þratar:

„Haustþing SSA leggur áherslu á að fasteignagjöld af orkumannvirkjum ásamt skatttekjum af fiskeldi renni milliliðalaust beint til sveitarfélaganna þar sem tekjurnar verða til og nýtist þannig í heimabyggð til uppbyggingar innviða og þjónustu.“

Samþykkt með meginþorra atkvæða, Helgi Hlynur og Ásrún Mjöll Stefánsdóttir í Múlaþingi, greiddu atkvæði á móti.

Ályktun 7.

Breytingartillaga sem Elís Pétur lagði fram um tekjur af veiðigjöldum, með lokasetningu niðurfellda var samþykkt samhljóða sem ný grein:

„Haustþing SSA leggur áherslu á að aukin skattheimta í formi hækkunar veiðigjalda skili sér að fullu til viðbótar við það fjármagn sem ætlað er til uppbyggingu innviða í fjórðungnum.“

Ályktun 8.

Ragnar lagði fram breytingartillögu á tillögu stjórnar sem laut að því að fagna því framfaraskrefi sem tilkoma Háskóla Íslands á Hallormsstað væri, svo og uppbygging rannsóknarsetra HÍ.

Helgi Hlynur kvaddi sér hljóðs og benti á þversögnina í að SSA krefðist aðgangs að öllu námi sem netnámi en fagnaði um leið staðnámi, sem væri bundið staðnum.

Berglind Harpa sagði tillögu Ragnars góða viðbót.

Ragnar lagði til að koma til móts við Helga Hlyn með því að aðlaga tilvísun um mikilvægi netnáms.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt með meginþorra atkvæða:

„Haustþing SSA fagnar því að komið hafi verið á fyrsta staðbundna háskólanámi á Austurlandi með samstarfi Háskóla Íslands og Hallormsstaðaskóla og uppbyggingu rannsóknarsetra Háskóla Íslands á Austurlandi.

Þó er mikilvægt að allir háskólar bjóði upp á fjölbreytt og aðgengilegt fjar- og netnám sem jafni tækifæri íbúa til náms óháð búsetu. Það er óásættanlegt að Austfirðingar hafi lakari aðgengi að menntun en þeir sem búa nærri háskólum landsins.“

Ályktun 9.

Jóhann Hjalti lagði fram breytingatillögu við tillögu stjórnar er varðaði 2G og 3G senda sem verið væri að slökkva á, með því að bæta við: „Þá verði brugðist við afleiðingum þess að 2g og 3g sendar eru á útleið, m.a. m.t.t. öryggis sjófarenda og íbúa í dreifbýli.“

Heimir studdi tillöguna og sagði gríðarlegan kostnað fyrir almenning felast í því að ekki væri lengur lagt í kostnað við að halda þessum mikilvægu kerfum við. Það leiddi til verri fjarskipta þar sem ýmsir, t.d. björgunarsveitir reiddu sig á þessi kerfi. Sjá yrði til þess að innviðir væru til staðar áður en farið væri í þessar framkvæmdir.

Þuríður Lillý lagði til að útvíkka skilgreiningu á þeim sem yrðu fyrir áhrifum af breytingunni.

Berglind Harpa tók undir og spurði hvort áhrifin væru einskorðuð við dreifbýli eða varðaði líka íbúa í þéttbýli, sem fundarmenn staðfestu.

Svohljóðandi breytingartillaga, með tilvísan í dreifbýli tekna út, var lögð fyrir og samþykkt samhljóða:

„Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að fjarskiptum verði komið í lag hið fyrsta til að tryggja öryggi vegfarenda á fjölförnum leiðum á Austurlandi. Þá verði brugðist við afleiðingum þess að 2G og 3G sendar eru á útleið m.a. með tilliti til öryggis sjófarenda og íbúa.“

Lokaði þingforseti þar með mælendaskrá þar sem lokaútgáfa ályktunar Haustþings Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 2025 lá fyrir:

- Haustþing SSA leggur ríka áherslu á að tryggt verði að íbúar Austurlands hafi greiðan aðgang að öflugri geðheilbrigðisþjónustu til jafns við aðra landsmenn og enn fremur að öryggi verði tryggt með bættri löggæslu í kjördæminu.
- Haustþing SSA krefst þess að ráðist verði tafarlaust í hringtengingu Austurlands með jarðgöngum og í löngu tímabærar úrbætur á Suðurfjarðavegi og Öxi í samræmi við áherslur Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044.

Haustþing SSA ítrekar jafnframt gagnvart núverandi stjórnvöldum að Austurland sé næst í röðinni hvað varðar jarðgangauppbyggingu. Það er ólíðandi að stjórnvöld reyni að komast undan þeirri ábyrgð með því að draga fram gömul þrætuepli í tilraunum sínum til að fjármagna uppbyggingu annars staðar á landinu.

- Haustþing SSA lýsir yfir áhyggjum af síhækkandi fargjöldum í innanlandsflugi. Egilsstaðaflugvöllur er fjærst höfuðborgarsvæðinu og er flugið því lífsnauðsynleg tenging íbúa við sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menningu, íþróttir og aðra þjónustu á vegum ríkisins. SSA skorar á stjórnvöld að tryggja viðráðanleg fargjöld fyrir íbúa Austurlands.

- Haustþing SSA hafnar jafnframt þeim landsbyggðarskatti sem lagður var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli sem hamlar enn frekar för íbúa að þeirri þjónustu sem þarf að sækja á suðvesturhornið.
- Haustþing SSA krefst þess að stjórnvöld tryggji jöfnun á raforkukostnaði um land allt þannig að íbúar Austurlands, sem framleiða tæpan þriðjung raforku þjóðarinnar, greiði ekki hærra verð fyrir grunnþjónustu en aðrir landsmenn.
- Haustþing SSA leggur áherslu á að fasteignagjöld af orkumannvirkjum ásamt skatttekjum af fiskeldi renni milliliðalaust beint til sveitarfélaganna þar sem tekjurnar verða til og nýtist þannig í heimabyggð til uppbyggingar innviða og þjónustu.
- Haustþing SSA leggur áherslu á að aukin skattheimta í formi hækkunar veiðigjalda skili sér að fullu til viðbótar við það fjármagn sem ætlað er til uppbyggingu innviða í fjórðungnum.
- Haustþing SSA fagnar því að komið hafi verið á fyrsta staðbundna háskólanámi á Austurlandi með samstarfi Háskóla Íslands og Hallormsstaðaskóla og uppbyggingu rannsóknarsetra Háskóla Íslands á Austurlandi.

Þó er mikilvægt að allir háskólar bjóði upp á fjölbreytt og aðgengilegt fjar- og netnám sem jafni tækifæri íbúa til náms óháð búsetu. Það er óásættanlegt að Austfirðingar hafi lakara aðgengi að menntun en þeir sem búa nærri háskólum landsins.

- Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að fjarskiptum verði komið í lag hið fyrsta til að tryggja öryggi vegfarenda á fjölförnum leiðum á Austurlandi. Þá verði brugðist við afleiðingum þess að 2G og 3G sendar eru á útleið m.a. með tilliti til öryggis sjófarenda og íbúa.

Þar sem tími gafst til almennrar umræðu, opnaði fundarstjóri fyrir hana og hóf umræðu með frásögn af sinni tíð sem formaður SSA og hnökrum og háu verði í flugsamgöngum til Vopnafjarðar.

Eypór tók til máls og sagðist hugsi yfir dræmri mætingu ráðherra og þingmanna á þingið og veltir fyrir sér hvort færa þyrfti þingið vegna anna í störfum þeirra og kjörinna fulltrúa.

Þórarinn Ingi Pétursson sagði ekki skipta máli hvenær Haustþing er haldið. Dagskrá þingmanna og ráðherra sé ófyrirsjáanleg og viðburðir skarast.

Berglind Harpa tók undir þetta, dagskrá þingmanna sé að jafnaði þétt. Hún sagði mikilvægt að senda út fundarboð með góðum fyrirvara, einkum ef þingið væri í tvo daga. Þá þyrfti að

gæta þess að viðburðir á borð við kjördæmaviku og fjármálaráðstefnu rækjust ekki á. Þá sagði hún hátt verð á innanlandsflugi yrði jafnvel til þess að gott fólk sem flutt hefði austur, hyrfi aftur suður.

Jónína minnti á að það stýttist í sveitarstjórnarkosningar og hvatti fundarmenn til að huga að áframhaldandi framboðum. Hún þakkaði stuðning sveitarfélaga við landsmót UMFÍ í sumar, vegna hans hefði það verið öflugt og hún hvatti fulltrúa til að leggja áherslu á íþróttamál á Austurlandi.

Sigurjón tók undir með Þórarni, þar sem erfitt væri að sjá fyrir hvað væri á dagskrá þingsins með löngum fyrirvara. Hann sagði mikilvægt að vera í góðu sambandi við íbúa og fulltrúa kjördæmisins.

15:00: Kaffihlé

15:20: Þingforseti setti fundinn að nýju og kynni næsta dagskrárlið, tillögu frá stjórn SSA vegna breytinga á samþykktum SSA. Fór þingforseti yfir tvær tillögur Stefáns Boga Sveinssonar, sem sæti átti í laganefnd SSA, um breytingar á samþykktum SSA. Tillögurnar voru unnar að beiðni stjórnar út frá tillögu Ragnars Sigurðssonar sem samþykkt var á aðalfundi SSA í maí og sjónarmiðum Fljótshrepps um aðalmann í stjórn SSA. Að því loknu kynnti Ragnar sína tillögu um breytingar á samþykktum. Allar tillögurnar voru lagðar fram til kynningar.

Tillögur Stefáns Boga fólust í því að fulltrúi Fljótshrepps bættist við í stjórn en að bætt verði við nokkurskonar "neyðarhnapp" inn í samþykktir SSA. Annars vegar yrði skrifað inn í samþykktirnar ákvæði þar sem hverjum einum fulltrúa í stjórn, eða hugsanlega tveimur saman, sé gert heimilt að vísa máli sem liggur fyrir stjórn til afgreiðslu, til afgreiðslu fulltrúafundar. Þannig sé málinu kippt af borði stjórnar og atkvæði verði svo greidd um það á fulltrúafundi þar sem atkvæðavægi tekur mið af íbúafjölda sveitarfélaga. Hins vegar mætti skrifa inn ákvæði þar sem hverjum einum fulltrúa í stjórn, eða mögulega tveimur saman, sé gert heimilt að krefjast þess að við atkvæðagreiðslu innan stjórnar gildi samskonar regla um atkvæðavægi og gildir á fulltrúafundum.

Ragnar fór yfir tillögu sína, sem hefði það að markmiði að öll sveitarfélög sætu við sama borð, hvert með einn fulltrúa. Hver fulltrúi ætti að sitja í umboði bæjarstjórnar, ekki sem fulltrúi síns flokks eða minnihluta/meirihluta heldur sveitarfélags. Með þessu væri einum fulltrúa falið að gæta hagsmuna síns sveitarfélags, sem sé betra en ef tveir fulltrúar sama sveitarfélags séu ósammála í atkvæðagreiðslu í stjórn.

Hann lagði til að ákvæði um að fastanefndir vinni á milli haustþinga sé felld út sem þýði þó ekki að nefndir megji ekki starfa ef vilji standi til.

Hvað varðaði framlög í SSA, myndu sveitarfélög greiða það sem hann kallaði raunverulegt framlag; grunnframlag og að auki framlag byggt á hlutfalli skatttekna og framlaga úr jöfnunarsjóði.

Eypór sagði seinni tillögu Stefáns Boga ná að leysa vandamálið sem SSA stæði frammi fyrir með því að vísa mætti til atkvæðamagns á bak við hvern fulltrúa í stjórn ef þörf krefði. Fyrri tillagan opnaði á að minnihluti gæti tafið fyrir málum, t.d. varðandi umsagnir. Eypór sagði fjóra stjórnarmenn of fámenna stjórn. Hann var ósammála Ragnari að tveir fulltrúar í stærri sveitarfélögum væru til að tryggja minnihlutanum fulltrúa heldur að þeir endurspegli póltíska samsetningu sveitastjórnarinnar, og með fleiri fulltrúum væri betur tryggt kynjajafnrétti í samsetningu stjórnar. Minni- og meirihluta beri að fara eftir lýðræðislegum meirihluta í sveitarfélagi.

Berglind Harpa sagði stjórn hafa ákveðið að flýta um heilt ár umfjöllun um tillögu Ragnars sem var samþykkt á síðasta aðalfundi. Hún lýsti stuðningi við tillögur Stefáns Boga en sagðist ósammála tillögu Ragnars. Það væri ekki rétt að fækka í stjórn á þessum tímapunkti, hún yrði að halda áfram að vera öflug og samstíga og að ekki væri tryggt að fámennari stjórn væri jafn öflug.

Þröstur tók undir tillögu Ragnars og sagði að því færi sem sætu í svona stjórn, því meiri gagn gerðu þau.

Jóhann F. Þórhallsson þakkaði viðbrögð stjórnarinnar eftir aðalfundinn sl. vor og sagði þau uppfylla óskir Fljótsdælinga. Honum hugnast betur tillögur Stefáns Boga en Ragnars en sagði að þær kæmu báðar til móts við ósk Fljótsdælinga.

Jónína sagði gott að fá tillögurnar sem veganesti í umræðurnar sem framundan séu.

Ragnar mótmælti þeim rökum að stærð væri mikilvægasti þáttur í afli stjórnar. Þvert á móti væri meiri ábyrgð og þyngd á hverjum stjórnarmanni með því að hafa einn frá hverju sveitarfélagi.

Berglind Harpa sagði tillögurnar gott fóður inn í framhaldið og þær yrðu skoðaðar vel og vandlega.

16:00: Þingforseti þakkaði þeim sem tóku þátt í umræðum og lagði til að tillögunum yrði vísað til stjórnar SSA og aðalfundar til umfjöllunar og ákvörðunar. Var það samþykkt.

Fundarstjóri minnti á að myndataka yrði áður en gengið yrði til dagskrár heimamanna. Þingforseti bauð svo formanni að taka við og loka fundinum.

Berglind Harpa, formaður SSA, tók til máls. Þakkaði hún fundarmönnum fyrir fundinn og skýr skilaboð sem frá honum kæmu. Að lokum kynnti hún að næsti haustfundur SSA yrði haldinn í Fjarðabyggð, á 60 ára afmælisári landshlutasamtakanna.

Einnig þakkaði hún þingforseta og riturum, framkvæmdastjóra ásamt öðru starfsfólki fundarins fyrir þeirra störf. Að því búnu sleit formaðurinn haustþingi SSA árið 2025.

Þingforseta og fundarriturum falið að ganga frá fundargerð.

Kl. 16:15 Skemmtidagskrá í boði Vopnafjarðarhrepps.

Kl. 18:30: Kvöldverður var borinn fram í fundarsalnum og þar voru kynntir menningarverðlaunahafi SSA og heiðursgestur.

Menningarverðlaun SSA árið 2025 hlaut Björg Einarsdóttir Burstarfelli. Berglind Harpa fór yfir helstu rök stjórnar fyrir valinu og í kjölfarið sagði verðlaunahafinn nokkur orð.

Heiðursgestur að þessu sinni var Smári Geirsson, fyrrum bæjarfulltrúi í Neskaupstað, síðar Fjarðabyggðar og formaður SSA tvö kjörtímabil í röð, 1998 til 2003. Berglind Harpa kynnti Smára, sem fékk svo orðið.

Fundargerð rituðu: Íris Edda Jónsdóttir og Urður Gunnarsdóttir.

Undirritunarsíða

Íris Edda Jónsdóttir

Urður Gunnarsdóttir

Valdimar O Hermannsson

Berglind Harpa Svavarsdóttir